



## Innanríkisráðuneytið

Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík – Sími: 545 9000 – Bréfsími: 552 7340 – postur@irr.is – www.innanrikisraduneyti.is

# Umsókn um greiðslu ríkissjóðs á bóttum til þolenda afbrota

Ríkið greiðir bætur vegna líkamstjóns, sem hlýst vegna brots á almennum hegningarlögum.

Ríkið greiðir ekki bætur vegna tjóns sem verður vegna brots á umferðarlögum, lögreglusamþykkt eða öðrum sérrefsilögum.

Meðal skilyrða fyrir greiðslu bóta er m.a. eftirfarandi:

- ✓ að brotið hafi verið kært til lögreglu án ástæðulausrar tafar,
- ✓ að tjónþoli hafi krafist tjónvald um bætur, hafi málið verið fyrir dómstólum,
- ✓ að umsókn um bætur hafi verið send bótanefndinni innan tveggja ára frá þeim degi sem brotið var framið.

Þú getur fengið eftirfarandi bætt:

- ✓ lækniskostnað,
- ✓ miskabætur,
- ✓ vinnutap,
- ✓ varanlegan miska,
- ✓ varanlega örorku,
- ✓ fatnað, persónulega muni og lága fjárhæð reiðufjár, sem tjónþoli hafði á sér þegar tjónið varð.

Lækniskostnaður, persónulegar eignir og vinnutap verður því aðeins bætt, að ekki hafi fengist bætur frá öðrum.

Annað eignatjón fæst aðeins bætt ef tilteknir menn hafa valdið því, t.d. fangar.

Þú getur lesið þér meira til um bótanefndina og störf hennar á vefslóð ráðuneytisins: undir bótamál. [www.innanrikisraduneyti.is/verkefni-raduneytis/botamal/](http://www.innanrikisraduneyti.is/verkefni-raduneytis/botamal/)

Á síðustu síðu þessa umsóknareyðublaðs er að finna lög nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bóttum til þolenda afbrota.

# Umsókn um greiðslu ríkissjóðs á bótum til polenda afbrota

<b>1. Umsækjandi</b>	
Fullt nafn	Kennitala
Heimilisfang	
Póstnr. / Svæði	
Staða	Símanúmer
<b>1 a. Lögráðamaður</b>	
Fullt nafn	Kennitala
Heimilisfang	
Póstnr. / Svæði	
Staða	Símanúmer
<b>2. Tjónvaldur</b>	
Fullt nafn	
<b>3. Hvenær átti tjónið sér stað?</b>	
Dags. / Kl.	
<b>3 a. Gerðist það í vinnunni?</b>	
<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	
<b>4. Hefur brotið verið kært til lögreglunnar?</b>	
_____Já / Hvar	Dags. / Kl.
_____Nei / Hvers vegna ekki	
<b>5. Krafa um bætur vegna afbrotsins</b>	
Hefur þú fengið greidda sjúkradagpeninga? _____Nei _____Já	Frá: _____ Til: _____
Hefur þú orðið fyrir missi vinnutekna? _____Nei _____Já	Frá: _____ Til: _____
Hefur þú fengið greidd laun í veikindum / sjúkradagpeninga frá vinnuveitanda þínum? _____Nei _____Já	Frá: _____ Til: _____
Hefurðu fengið greidda sjúkradagpeninga úr almannatryggingum? _____Nei _____Já	Frá: _____ Til: _____

# Umsókn um greiðslu ríkissjóðs á bótum til polenda afbrota

Hefur þú orðið fyrir útgjöldum vegna líkamstjónsins? Ef svo er, tilgreindu hver útgjöldin voru:

**Lyfjakaup** kr. \_\_\_\_\_  
**Læknisvottorð** kr. \_\_\_\_\_  
**Tannviðgerðir / meðferð** kr. \_\_\_\_\_  
**Sálfræðingar** kr. \_\_\_\_\_  
**Sjúkrapjálfari** kr. \_\_\_\_\_  
**Önnur útgjöld vegna meðferðar** kr. \_\_\_\_\_ Tegund: \_\_\_\_\_  
(tegund og fjárhæðir)

Hefur þú orðið fyrir öðrum kostnaði / tjóni (t.d. skemmdur fatnaður, aðrir persónulegir munir, minni fjárhæð í reiðufé, akstur)?

**Kvittanir, kassakvittanir, o.fl. þurfa að fylgja**

## Staða váttrygginga þá er tjónið varð

**6. Ert þú með eina eða fleiri af eftirfarandi váttryggingum?**

**6. a Fjölskyldu- eða innbústryggingu**

\_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_ Já Nafn vát.félags: \_\_\_\_\_ Skirt.nr.: \_\_\_\_\_

Útborgun kr.: \_\_\_\_\_

Til greiðslu á: \_\_\_\_\_

**6. b Slysstryggingu**

\_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_ Já Nafn vát.félags: \_\_\_\_\_ Skirt.nr.: \_\_\_\_\_

Útborgun kr.: \_\_\_\_\_

Til greiðslu á: \_\_\_\_\_

**6. c Hópslysstryggingu**

\_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_ Já Nafn vát.félags: \_\_\_\_\_ Skirt.nr.: \_\_\_\_\_

Útborgun kr.: \_\_\_\_\_

Til greiðslu á: \_\_\_\_\_

áframh. á næstu síðu ►

# Umsókn um greiðslu ríkissjóðs á bótum til polenda afbrota

## 7. Hefur þú mótttekið bætur frá

Tjónvaldi      \_\_\_Nei \_\_\_Já    kr.: \_\_\_\_\_ Til greiðslu á: \_\_\_\_\_

Sveitarfélaginu   \_\_\_Nei \_\_\_Já    kr.: \_\_\_\_\_ Til greiðslu á: \_\_\_\_\_

## 8. Hefurðu einhverjar frekari athugasemdir?

Samkvæmt 147. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 varðar sektum eða fangelsi í allt að 4 mánuði að láta uppi ranga skriflega yfirlýsingu.

\_\_\_\_\_  
Dagsetning

\_\_\_\_\_  
Undirskrift

# Umsókn um greiðslu ríkissjóðs á bótum til polenda afbrota

## I. kafli. Gildissvið.

1. gr. Ríkissjóður greiðir bætur vegna tjóns sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum í samræmi við ákvæði laga þessara, enda hafi brotið verið framið innan íslenska ríkisins. Í sérstökum tilvikum er heimilt að greiða bætur fyrir tjón sem leiðir af broti sem framið var utan íslenska ríkisins, enda sé tjónþoli búsettur á Íslandi eða íslenskur ríkisborgari.

Lög þessi gilda einnig um líkamstjón sem leiðir af aðstoð við lögreglu við handtöku, borgaralega handtöku eða að afstýra refsivörðri háttsemi.

## II. kafli. Bótaskyld tjón.

2. gr. Ríkissjóður greiðir bætur vegna líkamstjóns. Sama gildir um tjón á fatnaði og öðrum persónulegum munum, þar á meðal lágum fjárhæðum í reiðufé, sem tjónþoli þar á sér þegar líkamstjóninu var valdið.

Andist tjónþoli vegna afleiðinga brots skulu greiddar bætur vegna hæfilegs útfararkostnaðar og bætur vegna missis framfæranda.

3. gr. Ríkissjóður greiðir bætur vegna miska. Þó á tjónþoli ekki rétt á miskabótum varði brot einungis við ákvæði í XXV. kafla almennra hegningarlaga.

4. gr. Ríkissjóður greiðir bætur vegna tjóns á munum er einstaklingur veldur með athöfnum sínum ef hann:

1. er að afplána [fangelsisrefsingu],<sup>1)</sup>
2. er handtekin í þeim tilgangi að hann sæti gæsluvarðhaldslist eða er í gæsluvarðhaldi,
3. er vistaður á sjúkrahúsi gegn vilja sínum skv. 13. gr. lögræðis laga eða
4. er vistaður á ríkisstofnun gegn vilja sínum skv. 22. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

Bætur skulu greiddar fyrir tjón sem valdið er á umráðsævi stofnunar eða meðan á dvöl utan hennar stendur að fengnu leyfi eða í tengslum við stök.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að greiða bætur fyrir tjón á munum sem maður veldur hafi hann strokið frá sambærilegri stofnun og greinir í 1. mgr. í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

<sup>1)</sup>L. 82/1998, 223. gr.

5. gr. Bætur samkvæmt lögum þessum skulu ekki greiddar:

1. til stjórnvalda eða opinberra stofnana,
2. þegar bæði tjónvaldur og tjónþoli voru, þegar brot var framið, um stundarsakir eða í stuttan tíma staddir hér á landi.

## III. kafli. Skilyrði bótagreiðslu og fjárhæð bóta.

6. gr. Það er skilyrði greiðslu bóta að brot, sem tjón er rakið til, hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu og að tjónþoli hafi gert kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi brotamanns.

Umsókn um bætur skal hafa borist bótanefnd innan tveggja ára frá því að brot var framið.

[Þegar veigamikil rök mæla með má víkja frá skilyrðum 1. og 2. mgr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 118/1999, 1. gr.

7. gr. [Bætur vegna einstaks verknaðar skulu ekki greiddar nema höfuðstóll kröfu sé [400.000]<sup>1)</sup> kr. eða hærri.

Af dæmdum eða ákvörðuðum bótum, að vöxtum meðtöldum, greiðir ríkissjóður ekki hærri fjárhæð en:

- a. 250.000 kr. fyrir tjón á munum,
- b. 2.500.000 kr. fyrir líkamstjón,
- c. 600.000 kr. fyrir miska,
- d. 2.500.000 kr. fyrir missi framfæranda.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 70/2009, 26. gr. <sup>2)</sup>L. 144/1995, 18. gr.

8. gr. Að öðru leyti en greinir í lögum þessum gilda við ákvörðun bóta almennar reglur um skaðabótaábyrgð tjónvalds, þar á meðal um lækun eða niðurfellingu bóta vegna eigin sakar tjónþola eða hins látna á tjóninu eða eigin áhættu. Við mat á því hvort lækka beri eða fella niður bætur samkvæmt þessu er heimilt að líta til háttsemi tjónþola eða umsækjanda fyrir brotið, við brotið eða eftir það.

Bætur fyrir muni skv. 4. gr. má lækka eða fella niður hafi tjónþoli, af ásetningi eða gáleysi, aukið hættu á tjóni með því að láta hjá líða að gera venjulegar varúðarráðstafanir. Sama gildir hafi munir ekki verið váttryggðir, enda hafi almennt mátt ætlast til þess af tjónþola.

9. gr. Greiða skal tjónþola bætur samkvæmt lögum þessum þótt ekki sé vitað hver tjónvaldur er, hann sé ósakhæfur eða finnst ekki.

10. gr. Frá ákvarðaðri fjárhæð bóta skal draga greiðslur sem tjónþoli hefur fengið eða samið um að fá greiddar frá tjónvaldi, greiðslur sem

falla undir almannatryggingar, laun í veikindum, lífeyrisgreiðslur eða váttryggingabætur. Sama gildir um aðra fjárhagsaðstoð sem tjónþoli hefur fengið eða á rétt á vegna tjónsins.

Endurkröfur á hendur tjónþola skulu ekki greiddar.

11. gr. Þegar bótaþrófu hefur verið ráðið til lykta með dómi skal greiða bætur með þeirri fjárhæð sem ákveðin var í dómnum, sbr. þó ákvæði 7. gr., 2. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr.

Í sérstökum tilvikum er bótanefnd heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr., t.d. ef telja má með réttu að tjón tjónþola hafi ekki að fullu verið lóst við meðferð málsins fyrir dómi.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki að því leyti sem tjónvaldur er talinn hafa viðurkennt kröfuna eða fjárhæð hennar undir rekstri máls.

12. gr. Þegar tjónþoli hefur lagt fram beiðni um greiðslu bóta til bótanefndar og krafan er til meðferðar í dómsmáli á hendur tjónvaldi eða dæmd í héraði er bótanefnd heimilt að fresta ákvörðun um greiðslu bóta þar til endanlegur dómur liggur fyrir.

## IV. kafli. Bótanefnd.

13. gr. Bótanefnd tekur ákvörðun um greiðslu bóta.

Í bótanefnd eiga sæti þrjú menn sem [innanríkisráðherra]<sup>1)</sup> skipar til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn þeirra formann nefndarinnar og þrjú menn til vara.

Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Um hæfi nefndarmanna til að fara með mál skal fara eftir reglum laga um sérstakt hæfi dómara.

[Ráðherra]<sup>1)</sup> setur reglugerð<sup>2)</sup> um starfsháttu nefndarinnar.

<sup>1)</sup>L. 162/2010, 136. gr. <sup>2)</sup>Rg. 280/2008.

14. gr. Bótanefnd er heimilt að krefja tjónþola um hvers konar upplýsingar sem hún telur þörf á við meðferð umsóknar hans, þar á meðal er henni heimilt að kveðja tjónþola á fund nefndarinnar. Jafnframt er nefndinni heimilt að krefjast upplýsinga frá öðrum þeim er þekja kunna til málavaxta.

Þegar um líkamstjón er að ræða getur nefndin óskað eftir því að tjónþoli láti lækni rannsaka sig. Nefndinni er heimilt að fá afrit úr sjúkraskrá tjónþola enda liggja fyrir samþykki hans.

Nefndinni er heimilt að krefjast yfirheyrslna fyrir dómi.

Verði tjónþoli ekki innan tilskilins frests við óskum nefndarinnar um framlagningu tiltekinna upplýsinga eða gagna er nefndinni heimilt að ljúka meðferð máls á grundvelli þeirra gagna er fyrir liggja.

15. gr. Kostnaður vegna meðferðar máls hjá bótanefnd, þar á meðal vegna rannsóknar sem um getur í 2. mgr. 14. gr., greiðist úr ríkissjóði.

Í sérstökum tilvikum, svo sem vegna efnahags umsækjanda, er nefndinni heimilt að ákveða að umsækjandi skuli að hluta til eða að öllu leyti fá greiddan kostnað sem hann hefur þurft að bera í tilefni málsins.

16. gr. Ákvörðun bótanefndar er endanleg niðurstaða máls á stjórnáskilum.

17. gr. Þegar umsækjandi hefur gefið rangar upplýsingar eða leynt atriðum sem þýðingu hafa við ákvörðun um greiðslu bóta er heimilt að endurkrefja tjónþola um þá fjárhæð sem hann hefur ranglega fengið með þeim hætti.

Enn fremur er heimilt að krefja tjónþola um endurgreiðslu bóta ef hann hefur síðar fengið tjón sitt bætt með öðrum hætti.

## V. kafli. Gildistaka o.fl.

18. gr. Lögreglu er skylt að leiðbeina tjónþola um rétt sinn til greiðslu bóta samkvæmt lögum þessum.

19. gr. Greiði ríkissjóður bætur samkvæmt lögum þessum eignast hann rétt tjónþola gagnvart tjónvaldi sem nemur fjárhæð bóta. [Bótanefnd tekur ákvörðun um hvort endurkrefja skuli tjónvald vegna bóta sem ríkissjóður hefur greitt.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 143/2006, 5. gr.

20. gr. Lög þessi öðlast gildi [1. júlí 1996]<sup>1)</sup> og gilda um tjón sem leiðir af brotum sem framin voru 1. janúar 1993 og síðar.

<sup>1)</sup>L. 144/1995, 19. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða.** Umsókn um bætur vegna tjóns sem leiðir af broti sem framið er fyrir [1. júlí 1996]<sup>1)</sup> skal hafa borist bótanefnd innan árs frá gildistöku laganna.

[Gagnvart ríkissjóði ber krafa um bætur vegna verknaðar sem framinn var fyrir gildistöku laga þessara fyrst vexti frá 1. júlí 1996.]<sup>1)</sup>

Dómsmálaráðherra skal á ári hverju til ársloka 2000 gera Alþingi grein fyrir þeim útgjöldum sem lög þessi hafa í för með sér.

<sup>1)</sup>L. 144/1995, 20. gr.